



Hafnarfjarðarkaupstaður  
Pósthólf 100  
222 Hafnarfjörður

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 14. desember 2020  
Tilv.: UMH20040040/8.11

Ráðuneytinu barst erindi frá Mosfellsbæ þann 3. apríl sl. og Seltjarnarnesbæ þann 5. maí sl. varðandi mögulegar breytingar á heilbrigðiseftirlitssvæðum. Í erindunum var þess farið á leit að kannaður yrði möguleiki á því að Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis yrði lagt niður í núverandi mynd og sameinað eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogs eða að gerðar yrðu aðrar breytingar þannig að áður nefnd sveitarfélög yrðu ekki lengur hluti af Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis.

Samkvæmt 44. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Landinu er skv. 1. mgr. 45. gr. laganna skipt í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði. Í hverri nefnd skulu eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður, og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu. Ráðherra getur skv. 3. mgr. 45. gr. laganna, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, kveðið á um sameiningu eftirlitssvæða í reglugerð.

Í samtölum ráðuneytisins við hlutaðeigandi sveitarfélög sem og í umsögnum Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga hefur komið fram að sökum þess hvaða skyldur hvíla á heilbrigðisnefndum samkvæmt lögum væri óæskilegt að sveitarfélagið Kjósarhreppur stæði eitt að Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis og sveitarfélagið hefði hag af samvinnu við önnur sveitarfélög við heilbrigðiseftirlit. Rök hnígi frekar að því að Kjósarhreppur yrði hluti af Heilbrigðisnefnd Vesturlands og Seltjarnarnes og Mosfellsbær hluti af Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Unnið var áfram með þá sviðsmynd. Jafnframt er það ósk Kjósarhrepps að Kjósarhreppi yrði bætt við starfssvæði heilbrigðiseftirlitssvæðis Vesturlands.

Ráðuneytið ræddi óformlega við framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og kynnti málið fyrir Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá kynnti ráðuneytið málið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti þar sem matvælalöggjöfin heyrir undir það ráðuneyti og fékk í framhaldi af því afstöðu Matvælastofnunar til málsins.

Í september sl. óskaði ráðuneytið eftir afstöðu Garðabæjar, Kópavogsbæjar og Hafnarfjarðar um þá ósk Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar um að sveitarfélagunum yrði bætt við eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogs. Í bréfi Garðabæjar, dags. 6. október sl. kemur fram að bæjarstjórn hafi samþykkt að taka jákvætt í erindið leiði það ekki til aukins kostnaðar fyrir Garðabæ. Í tölvupósti frá Kópavogsbæ frá 5. nóvember sl. kemur fram að bæjarráð samþykki að unnið verði að sameiningu heilbrigðiseftirlitssvæðis Hafnarfjarðar og Kópavogs við Seltjarnarnes og Mosfellsbæ leiði stækkun ekki af sér kostnaðarauka og bæti þjónustu. Bæjarstjórnir Kópavogs, Hafnarfjarðar og Garðabæjar skulu jafnframt samþykkja sameininguna þegar drög að samningi liggja fyrir. Í tölvupósti frá Hafnarfjarðarkaupstað frá 6. nóvember sl. kemur fram að bæjarráð Hafnarfjarðar samþykki fyrir sitt leyti að Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær verði bætt við starfssvæði heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogs.

Hér með er óskað eftir því að Garðabær, Kópavogsbær og Hafnarfjörður, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær hefji viðræður um að Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær bætist við heilbrigðiseftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogs. Sé óskað eftir þátttöku ráðuneytisins á fundum eru sveitarfélögin beðin um að koma þeirri ósk á framfæri við ráðuneytið. Þá er óskað eftir því að ráðuneytið verði upplýst sem fyrst og eigi síðar en 18. desember nk. um þann tíma sem sveitarfélögin telja sig þurfa til að komast að niðurstöðu. Ráðuneytið mælist einnig til þess, ef mögulegt er, að sveitarfélögin komi sér saman um einn tengilið við ráðuneytið, varðandi praktísk mál eins og ósk um fundi og tilkynningar.

Ráðuneytið hefur sett upp meðfylgjandi drög að reglugerð um sameiningu eftirlitssvæða á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ráðuneytið bendir á að það hyggur ekki á breytingu nema Kjósarsvæði, sbr. 10. tölulið 2. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, verði lagt niður. Að öðrum kosti mun fyrirkomulagið vera óbreytt og fyrst koma til umræðu við endurskoðun laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

### Fyrir hönd ráðherra

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Ljósrit: Mosfellsbær  
Seltjarnarnes  
Kópavogur  
Garðabær

Samrit: Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis  
Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis  
Samband íslenskra sveitarfélaga